

Alþingi,
Umhverfis og samgöngunefnd
sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 4. maí 2015.

Umsögn; tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2016, 689. mál, 144. löggjafarþing.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga styður í meginatriðium efni þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2026. Skipulagsstofnun hafði víðtækt samráð við mótun landsskipulagsstefnu og verður að telja að sátt sé um meginstefnu hennar þó ágreiningur geti verið um einstök mál. Þau mál fá áframhaldandi umræðu við reglulega endurskoðun landsskipulagsstefnu samkvæmt ákvæðum Skipulagslaga.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga leggur sérstaka áherslu á, að með samþykkt landsskipulagsstefnu lýsir Alþingi vilja sínum um skipulag haf og strandsvæða. Þetta á ekki síst við þau landssvæði þar sem heimilt er að stunda eldi laxfiska í sjó s.s. á Vestfjörðum.

Umfjöllun landsskipulagsstefnu um málefni hafs og stranda er þó takmörkuð og mikið er vísað til að í undirbúningi sé lagasetning um haf og strandsvæðaskipulag. Vekja þarf athygli á að löggin eru ekki komin fram eins og áætlað var þegar vinna að landsskipulagsstefnu var hafin á síðasta ári. En telja verður að stefna stjórnvalda verði ekki að fullu marktæk fyrir en með nýjum lögum auk samþykkt landsskipulagsstefnu.

Fjórðungssamband Vestfirðinga hvetur því atvinnuveganefnd Alþingis að fá fram skýr svör umhverfis og auðlindaráðherra, um tímasetningu á framlagningu frumvarps til laga um haf og strandsvæðaskipulag.

F.h. stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri